

Nd.

### 757. Nefndarálit

um þingsályktunartillögu (þingskj. 36) um kjördæma-skifting.

Mál þetta er svo vaxið, að þar sem telja má vist, að á næsta þingi verði samþykktar breytingar á stjórnarskránni með afnámi konungskvaðningar á alþingismönnum og þar af leiðandi breytingum á fjölda þingmanna og, ef til vill, sérstökum kosningum til efri deildar, þá virðist það vanhugsað mál, að fara nú að gera lagaákvæði um breyting kjördæma í landinu. Það væri væntanlega að tjalda til einnar nætur.

Ráðum vér því háttv. deild til að gera ekkert í þessu máli á þessu þingi.

Alþingi 6. maí 1909.

Sigurður Gunnarsson,  
formaður.

Jón Ólafsson,  
ritari, framsögumaður.

Sigurður Sigurðsson.

Einar Jónsson.

Jón Jónsson N.-M.